



# Skýrsla um sölu eigna Íslandsbanka á árinu 2018

8. febrúar 2019

## 1. Skýrsla um sölu eigna Íslandsbanka á árinu 2018

Íslandsbanki setti í ágúst 2017 stefnu um sölu eigna bankans. Markmið stefnunnar er að stuðla að gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni við ákvarðanatöku bankans um sölu eigna og efla þannig traust fjárfesta og viðskiptavina til bankans og sýna ráðvendni gagnvart hagsmunaaðilum. Stefnunni er jafnframt ætlað að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu fyrir bankann sem kann að felast í sölu eigna og hámarka endurheimtur krafna við sölu fullnustueigna.

Í 5. gr. stefnunnar segir að árlega skuli birta á heimasíðu bankans samantekt um fylgni bankans við stefnuna síðastliðna 12 mánuði ásamt upplýsingum um frávik frá meginstefnu bankans um opið söluférlí, ef einhver eru.

Í þessari skýrslu er fjallað um eignir bankans sem voru til sölu eða voru seldar á árinu 2018. Skýrslan tekur til móðurfélags bankans og dótturfélaga, annarra en þeirra sem stunda sjálf eftirlitsskylda starfsemi.

## 2. Eignir til sölu í árslok 2018

Alls voru 94 fullnustueignir Íslandsbanka til sölu 31. desember 2018. Bókfært verðmæti þeirra var um 1.412 m.kr. Fullnustueignir til sölu skiptust í eftirfarandi eignaflokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði m.kr.
Íbúðir	13	343
Atvinnuhúsnæði	7	688
Lóðir	55	281
Jarðir	2	41
Sumarhús	1	18
Bifreiðar	2	4
Skip/bátar	1	25
Aðrar eignir	13	12
<b>Samtals</b>	<b>94</b>	<b>1.412</b>

### 3. Seldar eignir á árinu 2018

Á árinu 2018 seldi Íslandsbanki 144 fullnustueignir. Heildarsöluverðmæti þessara eigna nam 1.396 m.kr. Seldar fullnustueignir skiptust í eftirfarandi eignaflokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði m.kr.
Íbúðir	27	1.115
Atvinnuhúsnæði	1	8
Lóðir	40	107
Jarðir	6	96
Bífreiðar	22	25
Skip/bátar	1	14
Aðrar eignir	47	31
<b>Samtals</b>	<b>144</b>	<b>1.396</b>

Á árinu 2018 seldi Íslandsbanki þrjá eignahluti. Heildarsöluverðmæti þessara eignahluta nam 138 m.kr. Seldir eignahlutar skiptust í eftirfarandi flokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði m.kr.
Hludeildarfélag	1	39
Önnur félag	2	99
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>138</b>

### 4. Undantekningar frá opnu sölufarli

Í stefnu bankans um sölu eigna kemur fram að í undantekningartilvikum kunni hagsmunir bankans að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag við sölu eigna. Slíkt geti helgast af því að opið sölufarli brjóti gegn lögvörðum hagsmunum bankans eða viðskiptalegar eða samningsbundnar takmarkanir komi í veg fyrir að slíkt ferli verði viðhaft. Slíkar takmarkanir kunna að vera t.d. ákvæði hluthafasamkomulaga eða samþykktu um forkaupsrétt, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða áætlað söluverðmæti viðkomandi eignar telst ekki réttlæta kostnað við opið sölufarli eða vegna annarra augljósra hagsmuna bankans. Endursala til gerðarpóla fellur ekki undir undantekningar frá opnu sölufarli.

Kveðið er á um að frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufarli skuli vera rökstudd og skráð. Slík frávik eru jafnframt háð sérstöku samþykki stjórnar bankans.

Árið 2018 var ein undantekning frá meginstefnu Íslandsbanka um opið sölufarli. Ástæða undantekningarinnar var sú að hluthafasamkomulag sem var til staðar. Söluverðmæti eignarinnar var undir 100 m.kr. og var salan samþykkt af stjórn bankans, í samræmi við stefnu um sölu eigna bankans.